

Mennta- og menningarmálaráðuneytið  
Karitas H. Gunnarsdóttir  
Sölvhólsgötu 4  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 03. júní 2015  
2015060002/42-0  
JGO/GG

### Beinagrind steypireyðar

Vísað er til bréfs mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 1. júní sl. um fyrirhugaðan flutning á beinum steypireyðar til Hvalasafnsins á Húsavík og sýningu á þeim þar. Í bréfi til ráðuneytisins, dags. 13. apríl sl. óskaði Hvalasafnið eftir samstarfi við það um verkefnið, sem unnið yrði í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Í fyrrnefndu bréfi ráðuneytisins er beðið um umsögn Náttúrufræðistofnunar um erindi Hvalasafnsins með vísun til hugmynda um fyrirkomulag sýningar á beinagrindinni. Jafnframt óskar ráðuneytið eftir upplýsingum um stöðu/ástand beinagrindarinnar með tilliti til flutnings beinanna til Húsavíkur og um hugsanlegan kostnað við það sem gera þarf áður en til slíks flutnings kæmi.


Mennta- og menningarmálaráðuneytið og umhverfis- og auðlindaráðuneytið hafa ákveðið að beinagrind steypireyðarinnar sem rak á land á Skaga árið 2010 verði höfð til varðveislu og sýningar hjá Hvalasafninu á Húsavík. Forsætisráðherra kynnti þessa ákvörðun opinberlega 18. október 2014. Náttúrufræðistofnun náði beinunum úr hvalshræinu og verkaði þau, en grindin er nú skráður náttúrugripur í vísindasafni stofnunarinnar, sbr. lög nr. 60/1992, líkt og aðrar hvalagrindur í varðveislu hennar. Beinagrindin er verðmætur vísindagripur í eigu ríkisins og ef hún verður vistuð til varðveislu og sýningar hjá Hvalasafninu á Húsavík telur Náttúrufræðistofnun að það verði gert með sérstökum varðveislu- eða lánsamningi líkt og stofnunin hefur gert vegna annarra slíkra gripa (t.d. annarra beinagrinda stórhvala sem eru og hafa verið til sýnis í Hvalasafninu). Það yrði gert með vísun til heimildar stofnunarinnar til að lána gripi til sýningarsafna sem rekin eru af öðrum en ríkinu, sbr. 8. gr. laga nr. 60/1992.

Flest beinin úr grindinni eru varveitt núna í geymslu í Reykjanesbæ, sem Náttúrufræðistofnun leigir til bráðabirgða í þrjú ár. Aðstaðan til geymslu beinanna þar er óviðunandi til lengri tíma lítið enda var um bráðabirgðalausn að ræða og fjármagn til að greiða leigu ekki lengur fyrir hendi. Leigusamningur rennur út í september 2015. Geymsluaðstaða beinanna á Húsavík verður hins vegar fullnægjandi að mati stofnunarinnar, sbr. minnisblað Náttúrufræðistofnunar dags. 19. mars sl. (viðhengi nr. 4 með erindi Hvalasafnsins). Það er einnig mikill kostur að beinagrindin verður til sýnis fyrir almenning, án mikils kostnaðar skv. þeim hugmyndum sem reifaðar eru í bréfi Hvalasafnsins til ráðuneytisins, dags. 13. apríl sl. Sýning beinagrindarinnar var upphaflegur megintilgangurinn með verkun beinagrindarinnar ásamt vísindagildi hennar.



Beinin eru grófhreinsuð, þurr og tiltölulega heilleg og eru vel hæf til flutnings í því ástandi sem þau eru núna. Viðgerðum er lokið á flestum hryggjarliðum og bægslum. Hins vegar er hauskúpa og tengibein undir hryggjarsúlunni eins heilleg og við er að búast. Það er vel mögulegt að stilla beinunum upp til sýningar í því ástandi sem þau eru nú samkvæmt þeim hugmyndum sem Hvalasafnið hefur kynnt og án frekari viðgerða. Náttúrufræðistofnun setur þau skilyrði að þannig verði gengið frá beinunum að þau verði ekki fyrir hjaski við flutninginn. Það þýðir að pakka þarf beinum vel inn, t.d í steinull og sjá um að þau nuddist ekki saman. Lestun beinanna í Reykjanesbæ og losun á Húsavík þarf að fara fram undir eftirliti starfsmanns Náttúrufræðistofnunar. Reiknað er með að vinnuframlag stofnunarinnar vegna flutnings og uppröðun beina á sýningarstað verði að hámarki 80 vinnustundir. Auk þess má gera ráð fyrir ferðakostnaði, eina eða tvær ferðir til Húsavíkur. Heildarkostnaður Náttúrufræðistofnunar við undirbúning flutningsins og uppsetningu grindarinnar til sýnis almenningi yrði því ekki hærri en 1 m.kr. (afsláttur yrði gefinn af gjaldskrá stofnunarinnar). Fyrir utan kostnað stofnunarinnar þarf Hvalasafnið að gera ráð fyrir kostnaði annarra við þökkun, lestun og losun gáma ( um 4 vinnudagar fyrir þrjá til fjóra menn) og vinnu við uppröðun beinanna og frágang á sýningarstað (gæti verið 3 - 4 vinnuvikur fyrir þrjá til fjóra menn), nema gert sé ráð fyrir sjálfboðaliðum. Einnig þarf að gera ráð fyrir kostnaði af flutningi, áhöldum og þökkunarefnum, sem verður umtalsverður.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

